

Fundur svæðisráðs fimmtudaginn 1. júní 2017 kl. 16.00, Fjölheimum á Selfossi

Mætt: *Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson, Heiða Guðmundsdóttir (í síma), Erla Ívarsdóttir og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð. Nýráðinn þjóðgarðsvörður, Fanney Ásgeirsdóttir, sat sinn fyrsta fund.*

Dagskrá fundarins:

1. Drög að fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs
2. Bókun stjórnar þjóðgarðsins á [síðasta](#) fundi vegna tillögu fulltrúa SAMÚT
3. Stjórnunar- & verndaráætlun – tillögur að breytingum
4. Vinir Vatnajökuls - styrkumsóknir
5. Samstarf þjóðgarðsins við sveitarfélög og aðra hagsmunaðila
6. Jörðin Heiði á Síðu
7. Jörðin Þverá á Síðu
8. Starfsreglur svæðisráða
9. Verkaskipting innan svæðisráðs
10. Önnur mál

Formaður býður nýráðinn þjóðgarðsvörð velkominn til starfa.

1. Drög að fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

Á síðasta fundi stjórnar þjóðgarðsins kynnti Sigprúður Stella Jóhannsdóttir drög að fræðsluáætlun fyrir þjóðgarðinn. Svæðisráðsmeðlimir fengu þau gögn send í pósti fyrir fundinn. Sigprúður Stella, sem verkefnisstjóri verkefnisins, hefur haldið utan um þessa vinnu en Vinir Vatnajökuls kosta hennar starf. Að vinnunni komu fjölmargir, innan sem utan þjóðgarðsins, og fór Orri Páll stuttlega yfir forsöguna sem hófst árið 2015. Svæðisráðið fagnar framkomnum tillögum og þessari góðu vinnu.

2. Bókun stjórnar þjóðgarðsins á síðasta fundi vegna tillögu fulltrúa SAMÚT

Á síðasta fundi stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs var eftirfarandi fært til bókar undir lið 17.1 í [fundargerð](#);

„Fulltrúi samtaka útivistarsamtaka lagði fram tillögu um framhald máls um leið í gegnum Vonarskarð. SAMUT býðst til þess að skoða nýja leið í gegnum Vonarskarð í sumar.

Stjórn fagnar samstarfsvilja SAMUT og leggur til að þjóðgarðsverðir verði með í ferð við skoðun mögulegrar akstursleiðar austan Vonarskarðs.“

Svæðisráð hagnar orðalag þessarar bókunar. Á fundi svæðisráðs þann 20. desember sl. var afstaða þess til umferðar um Vonarskarð rædd. Í [fundargerð](#) fundarins gerir svæðisráðið grein fyrir sinni afstöðu til þriggja erinda sem vísað var til þess af stjórn. Eins og fram kemur í fundargerðinni leggur meirihluti svæðisráðs vestursvæðis til við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að við þriðju útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar verði tillögum sérfræðingateymis sem vann skýrslu um Vonarskarð árið 2013 fylgt og að Vonarskarð njóti verndar sem óbyggðir (Wilderness Area) í flokki Ib samkvæmt viðmiðunum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) en ekki sem skipulagssvæði innan verndarflokks II eins og það er nú. Til að taka af

allan vafa er það skilningur svæðisráðs vestursvæðis, nú sem þá, að Vonarskarð teljist allt svæðið á milli Tungnafellsjökuls í vestri og Vatnajökuls í austri, Svarthöfða í suðri og Gjóstkúlfis í norðri.

Í fyrrnefndri fundargerð kemur fram að meirihluti svæðisráðsins vilji jafnframt að umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð verði áfram óheimil milli Svarthöfða og Gjóstkúlfis nema á frosinni og snæviþakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur. Jafnframt vísar svæðisráðið því til stjórnar að ganga úr skugga um það hvort almennir skilmálar um vetrarumferð samræmist ákvæðum verndarflokks Ib samkvæmt viðmiðunum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna. Svæðisráðið er eftir sem áður einhuga í því að vetrarumferð verði ávallt óheimil á og við jarðhitasvæðið í Snapadal.

Til viðbótar þeim rökstuðningi sem áður er kominn fram ber að nefna að íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að tilnefna Vatnajökulsþjóðgarð á heimsminjaskrá UNESCO. Stefnt er að því að skila inn umsókn þar að lútandi í janúar 2018. Í umsókninni er megináhersla lögð á þá sérstöðu þjóðgarðsins sem felst í samspili eldvirkni og jökulíss og þau margvíslegu landform sem af því samspili leiða. Eldvirkni þjóðgarðsins er afurð möttulstróks djúpt undir landinu miðju – nánar tiltekið undir Bárðarbungu – og gliðnunarbeltis sem hann mætir við yfirborð landsins. Bárðarbunga og Vonarskarð tilheyra því kjarna þess náttúruarfs sem Ísland hyggst tilnefna á heimsminjaskrá UNESCO sem sameign mannkyns. Það fer engan veginn saman að tilnefna þetta svæði á heimsminjaskrá og hefjast strax handa við að raska því með nýjum vegi. Tvískinnungur sá sem í því fælist er Íslendingum ekki samboðinn og færi ekki fram hjá sérfræðingum heimsminjanefndar UNESCO sem taka svæðið út sumarið 2019.

Í framhaldi af þessari umræðu mun svæðisráðið, að tillögu varaformanns þess, senda erindi til stjórnar þjóðgarðsins þar sem umræður um Vonarskarð, vernd þess og vöktun, verði sérstaklega teknar fyrir sem sérstakur dagskrárliður á stjórnarfundum. Það er samdóma mat svæðisráðsfulltrúa að þetta mál verði að leiða til lykta og fá botn í endanlega afstöðu stjórnar þjóðgarðsins.

3. Stjórnunar- & verndaráætlun – tillögur að breytingum

Í umræðum svæðisráðsins um sýnilega aukið álag gangandi gesta á jarðhitasvæðið í Snapadal og áform um frekari vöktun með gönguteljurum á komandi sumrum, telur svæðisráðið brýnt að horfið verði frá áformum um byggingu gönguskála sunnan og norðan við Vonarskarð. Þá leggur svæðisráðið til að á þessum stöðum verði frekar horft til þess að boðið verði upp á tjaldsvæði með lágmarkspjónustu og þurrsalerni. Sem fyrr leggur svæðisráðið áherslu á að gisting verði ekki heimil í Vonarskarði sjálfu.

Svæðisráð vestursvæðis samþykkir eftirfarandi tillögur að breytingum í fyrirbyggjandi drögum að þriðju útgáfu Stjórnunar- & verndaráætlunar og felur Orra Páli að koma þeim til ritstjóra;

7.12.16 Við Svarthöfða

Forsendur

Gert er ráð fyrir tjaldsvæði með lágmarkspjónustu við Svarthöfða, sunnan Vonarskarðs. Tjaldsvæðið verði bæði aðgengilegt bílaumferð og göngufólki og að þar verði þurrsalerni. Þaðan liggja megingönguleiðir í Vonarskarð.

Markmið

Að bjóða upp á gistingu og upplýsingamiðlun við sunnanvert Vonarskarð.

7.12.17 Hníflar og Gjóstá

Forsendur

Gert er ráð fyrir tjaldsvæði með lágmarkspjónustu nærri Hníflum norðan Vonarskarðs. Tjaldsvæðið yrði bæði aðgengilegt bílaumferð og göngufólki og að þar verði þurrsalerni. Gert er ráð fyrir lengri gönguleiðum um svæðið sem tengja saman norðursvæði og vestursvæði, Gæsavatnaleið til austurs og Bárðargötu um Vonarskarð og Jökulheima til suðurs og um Marteinsflæðu og upptök Skjálfafljóts til norðurs.

Markmið

Að bjóða upp á tjaldsvæði með lágmarkspjónustu á fáfarinni aksturs- og gönguleið ásamt áningaraðstöðu fyrir gesti við norðanvert Vonarskarð.

Skilmálar

Deiliskipulag geri ráð fyrir tjaldsvæði og þurrsalerni á nýju þjónustusvæði. Einnig sé gert ráð fyrir áningarstað með upplýsingum á Gjóstuklifi við norðurenda Vonarskarðs.

4. Vinir Vatnajökuls - styrkumsóknir

Ásta Berghildur greinir frá umræðum á síðasta fundi stjórnar vegna styrkveitinga af hálfu Vina Vatnajökuls. Formaður stjórnar, í samtali við framkvæmdastjóra Vina Vatnajökuls, fór þess á leit við svæðisráðin að þau listuðu upp tillögur vegna verkefna á rekstrarsvæðunum sem Vinir Vatnajökuls gætu e.t.v. styrkt.

Svæðisráðið fagnar þessari beiðni formanns og framkvæmdastjóra Vina Vatnajökuls og ræddi möguleg verkefni. Þjóðgarðsverði falið að taka saman lista yfir hugmyndir af rekstrarsvæðinu og senda framkvæmdastjóra Vina Vatnajökuls.

5. Samstarf þjóðgarðsins við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila

Ásta Berghildur greinir frá umræðu um samstarf þjóðgarðsins við félög, stofnanir og sveitarfélög frá síðasta fundi stjórnar. Ásta Berghildur vill fela þjóðgarðsverði að kanna lögmæti þess að vinna með öðrum. Heiða Guðný telur mikilvægt að stefna og stuðningur við atvinnulíf heima í héraði sé ákvörðun sem tekin er í samvinnu við svæðisráð og þjóðgarðsvörð.

Svæðisráð fagnar heilshugar samstarfi þjóðgarðsins og Umhverfisstofnunar í Hrauneyjum á komandi sumri enda lagt á það ríka áherslu. Þjóðgarðsverði falið að kanna lögmæti frekari samvinnu við sveitarfélög.

6. Jörðin Heiði á Síðu

Heiða Guðný fer yfir málið. Hluti jarðarinnar Heiði á Síðu er á náttúruminjaskrá (Fjaðrárgljúfur) og hefur jörðin öll (355 hektarar) verið auglýst til sölu. Sú hugmynd kviknaði heima í héraði að ríkið neytti forkaupsréttar en ljóst þykir að Skaftárhreppur mun ekki festa kaup á jörðinni að svo komnu máli. Upphaf Lakavegar (F208), aðal aðkomuleiðarinnar í Lakagíga, liggur um hluta jarðarinnar. Rætt um þau tækifæri sem felast í því að fylgjast með umferð og jafnvel stýra neðan af láglandi inn á eitt viðkvæmasta svæði þjóðgarðsins, Lakagíga.

Frekari umræðum og athugun á aðstæðum vísað til næsta fundar svæðisráðs sem stefnt er á að verði haldinn á Kirkjubæjarklaustri 19.-23. júní nk.

7. Jörðin Þverá á Síðu

Heiða Guðný segir það fyrst hafa verið rætt í stjórn í maí 2016 að þjóðgarðurinn festi kaup á jörðinni Þverá á Síðu. Líkt og jörðin Heiði er Þverá í eigu einkaaðila. Hefur stjórnarformaður unnið að því að fá jörðina keypta síðan málið var fyrst rætt og gekk framkvæmdastjóri frá leigusamningi á jörðinni til áramóta nú á dögunum. Málinu hefur aldrei verið formlega vísað til umfjöllunar í svæðisráði og er það samdóma álit svæðisráðs að það hefði farið betur á því.

Meirihluti svæðisráðsins telur mikinn feng af því ef af verður að jarðirnar Þverá og Brattland verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Með því móti sé hlið inn á einn hluta vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs komið niður í byggð. Eystri hrauntaumur Skaftáreldahraunsins (Brunahraun) þekur stóran hluta jarðarinnar Þverár og í hrauninu er að finna fjölbreytilega hella sem nú þegar njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Jarðirnar yrðu því góð viðbót við annars merkilegt svæði, Lakagígasvæðið. Ef kaupin yrðu til þess að styrkja vernd þess og stýringu umferðar inn á það þá gæti það orðið til mikilla bóta að mati meirihluta svæðisráðsins. Brýnt er að ákvörðun sem þessi ógni ekki Lakagígasvæðinu og sé vel ígrunduð.

Ásta Berghildur spyr hver afstaða sveitarfélagsins sé til þess að jarðir fari undir þjóðgarð en séu ekki í hefðbundinni nýtingu. Heiða Guðný svarar því til að sveitarstjórn Skaftárhrepps hafi ekki fjallað sérstaklega um málið.

Í framhaldi af þessum umræðum mun svæðisráðið taka saman erindi og senda stjórn þess efnis að góðum hugmyndum sem fæðast í stjórn sé vísað til svæðisráðs til umfjöllunar heima í héraði áður en ákvarðanir eru teknar eins og í þessu tilfelli. Mikilvægt sé að sterk rök séu fyrir kaupum sem þessum.

8. Starfsreglur svæðisráða

Ásta Berghildur greinir frá því að á síðasta fundi stjórnar hafi vinna við gerð starfsreglna fyrir stjórn og svæðisráð verið kynnt. Sami aðili vinnur nú að gerð starfslýsinga fyrir framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði. Á fundi stjórnarinnar var það ákveðið að formenn svæðisráða vinni að starfsreglum svæðisráðanna með fyrrnefndum aðila.

Svæðisráðið fagnar þessari löngu tímabæru vinnu.

9. Verkaskipting innan svæðisráðs

Rætt um hlutverkaskipti formanns og varaformanns svæðisráðs. Svæðisráðið samþykkir einróma tillögu Heiðu Guðnýjar formanns svæðisráðs að hún og Ásta Berghildur varaformaður hafi með sér hlutverkaskipti.

Orra Páli falið að óska eftir því við ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála að send verði út ný erindisbréf til þeirra stalla þar sem Ásta Berghildur tæki að sér formennsku í svæðisráði vestursvæðis og þar með sæti í stjórn þjóðgarðsins. Heiða Guðný verður varaformaður frá því að ráðuneytið staðfestir breytinguna með nýjum erindisbréfum.

10. Önnur mál

Orri Páll greinir frá því að ráðherra umhverfis- og auðlindamála hefur boðað komu sína á vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þann 24. júlí nk. og hefur óskað eftir því að hitta þjóðgarðsvörð og fulltrúa úr svæðisráði stuttlega. Erindinu tekið fagnandi.

Nýr þjóðgarðsvörður tekur til starfa frá og með deginum í dag og mun flytja austur á Kirkjubæjarklaustur í framhaldinu. Hann boðinn velkominn til starfa. Starfandi þjóðgarðsvörður mun láta af störfum þann 15. júní nk. Honum þökkuð góð störf.

Fundi slitið kl. 19.20